

laga nr. 20, 1923. Verður þegar af þessum ástæðum að sýkna stefndu af kröfum stefnanda í máli þessu.

Eftir þessum úrslitum og með hliðsjón af málavöxtum öllum ber að dæma stefnanda til að greiða stefndu kr. 10.000,00 í málskostnað.

D ó m s o r ð:

Stefndu, Elías I. Elíasson, innheimtumaður ríkissjóðs, og Albert Guðmundsson fjármálaráðherra, báðir f.h. Ríkissjóðs Íslands, eiga að vera sýknir af kröfum stefnanda, Hrefnu Jakobsdóttur, í máli þessu.

Stefnandi greiði stefndu kr. 10.000,00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 7. nóvember 1985.

Nr. 45/1984. **Guðjón Á. Halldórsson**
Guðmundur H. Halldórsson
Margrét Pétursdóttir og
Sigmar Guðmundsson og
Sigþór J. Sigþórsson

(Helgi V. Jónsson hrl.)

gegn

Tómasi Þorvaldssyni

(Jónas Aðalsteinsson hrl.)

Vegir. Umferðarréttur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Björn Sveinbjörnsson, Guðmundur Jónsson, Magnús Thoroddsen og Þór Vilhjálmsson.

Áfrýjendur hafa, að fengnu áfrýjunarleyfi 8. febrúar 1984 samkvæmt 2. mgr. 20. gr. laga nr. 75/1973, skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 29. febrúar 1984.

Dómkröfur áfrýjenda eru þær, að viðurkenndur verði með dómi umferðarréttur þeirra um veg, sem liggur um svonefndan Selhól í

landi jarðarinnar Norðurkots í Grímsneshreppi, Árnessýslu, og stefnda verði að viðlögðum 1.000,00 króna dagsektum gert að fjarlægja girðingu og aðra vegartálma, er hann hefur sett til hindrunar umferð um veginn. Þá krefjast áfrýjendur málskostnaðar úr hendi stefnda bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur að niðurstöðu til og áfrýjendur dæmdir til að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti.

Í samningum Ólafs Jóhannessonar um sölu á lóðum úr landi jarðarinnar Norðurkots í Grímsneshreppi til áfrýjenda er þess ekki getið sérstaklega, að þeir skuli eiga umferðarrétt um svonefndan Selhólsveg. Í kaupsamningi áfrýjandans Sigþórs J. Sigþórssonar og Hreins Sumarliðasonar segir svo um þetta efni: „Seljandi leggur til land undir veg að lóðum, en kaupendur greiða vegagerðarkostnað.“

Inn á uppdrátt, er fylgdi afsali til áfrýjandans Guðjóns Á. Halldórssonar frá 20. febrúar 1968, eru markaðar átta lóðir við Finnheiðarveg og ennfremur Sogsvegur og af honum vegur um Selhól og tveir ónafngreindir vegarslóðar, er tengjast Finnheiðarvegi. Á uppdrætti þessum er ekkert tekið fram um umferðarrétt.

Þegar þetta er haft í huga, verður ekki talið sannað, að áfrýjendur hafi eignast slíkan rétt til umferðar um Selhólsveg, að stefnda, sem á landið, er vegurinn liggur um, hafi verið óheimilt að girða yfir veginn og hindra umferð áfrýjenda um hann, svo sem hann gerði, enda hafði áfrýjendum þá verið séð fyrir öðrum umferðarleiddum að lóðum sínum. Verða áfrýjendur að hlíta þessu, þar eð eigi verður talið, að það valdi þeim verulegum óþægindum að fara þær leiðir.

Samkvæmt þessu ber að sýkna stefnda af öllum kröfum áfrýjenda og dæma þá til að greiða honum málskostnað bæði í héraði og fyrir Hæstarétti, er ákveðst samtals 35.000,00 krónur.

Í greinargerð sinni í héraði krafðist stefndi þess aðallega, að málinu yrði vísað frá dómi, en til vara, að hann yrði sýknaður af kröfum áfrýjenda í málinu. Bar þá héraðsdómara að láta fara fram munnlega sókn og vörn um frávísunarkröfuna eftir því sem boðið er í 1. mgr. 108. gr. laga nr. 85/1936. Þetta gerði hann ekki. Kemur þó ekki fram af því, sem skráð er í þingbók, að stefndi hafi síðar fallið frá frávísunarkröfunni. Við flutning málsins fyrir Hæstarétti

var því þó lýst yfir af hans hendi, að það hefði falist í kröfugerð hans við munnlegan flutning málsins í héraði, svo sem hún er skráð í þingbók, að hann félli þar með frá frávísunarkröfunni. Er efnisdómur samkvæmt því lagður á málið í Hæstarétti, en finna verður að galla þessum á málsmeðferðinni.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Tómas Þorvaldsson, skal vera sýkn af kröfum áfrýjenda, Guðjóns Á. Halldórssonar, Guðmundar H. Halldórssonar, Margrétar Pétursdóttur og Sigmars Guðmundssonar og Sigþórs J. Sigþórssonar.

Áfrýjendur greiði stefnda málskostnað bæði í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals 35.000,00 krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur aukadómþings Árnassýslu 25. júní 1983.

Mál þetta, sem dómtekið var þ. 13. júní sl., er höfðað með stefnu, útgefni 17. október 1982.

Stefnendur eru Guðjón Á. Halldórsson húsgagnasmiður, Höfðatúni 9, Reykjavík, nnr. 2915-5828, Guðmundur H. Halldórsson húsgagnabólstrari, Heiðargerði 33, Reykjavík, nnr. 3070-7397, Sigþór J. Sigþórsson kaupmaður, Fremristekk 5, Reykjavík, nnr. 8102-2623, Margrét Pétursdóttir húsfrú, Smyrlahrauni 43, Hafnarfirði, nnr. 6386-9899, og Sigmar Guðmundsson frkv.stj., sama stað, nnr. 7559-9473.

Stefndi er Tómas Þorvaldsson forstjóri, Víkurbraut 30, Grindavík, nnr. 8907-0627.

Sótt var þing af hálfu stefnda við þingfestingu málsins 27.10. 1982 og tekið til varna.

Dómkröfur stefnenda eru þær, að viðurkenndur verði með dómi umferðarréttur stefnenda um veg, sem liggur um svonefndan Selhól í landi jarðarinnar Norðurkots í Grimsneshreppi, Árnassýslu, og stefnda verði að viðlögðum kr. 1.000,00 dagsektum gert að fjarlægja girðingu og aðra vegatálma, er hann hefur sett til hindrunar umferð um veginn. Þá krefjast stefnendur málskostnaðar úr hendi stefnda að mati dómsins.

Af hálfu stefnda voru þær kröfur gerðar í greinargerð, að málinu yrði vísað frá dómi og honum dæmdur málskostnaður úr hendi stefnenda að skaðlausu skv. gjaldskrá Lögmannafélags Íslands, en yrði frávísunarkrafa

ekki tekin til greina, krefst stefndi sýknu og málskostnaðar að skaðlausu samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands úr hendi stefnenda. Við munnlegan flutning málsins var sú krafa gerð af hálfu stefnda, að hann yrði sýknaður af öllum kröfum stefnenda og honum tildæmdur málskostnaður að skaðlausu úr hendi stefnenda.

Með afsöllum, dagsettum 27. sept. 1971 og 26. mars 1973, seldi Ólafur Jóhannesson, Grundarstíg 2, Reykjavík, stefnda spildu úr landi Norðurkots í Grímsneshreppi. Ólafur þessi er nú látinn. Í afsalinu frá 1971 á dóm skj. nr. 5 til stefnda segir svo, er verið er að lýsa mörkum spildunnar, „... og þaðan í norður 43,1 metra yfir núverandi veg sem verður lagður niður,....“ enn fremur segir að „ótakmarkaður umferðarréttur er um báða vegi sem liggja að og meðfram landinu og tekur kaupandi þátt í viðhaldi þeirra vegna í hlutfalli við stærð lóða sem liggja að vegunum.“ Í afsali frá 1973 á dóm skj. nr. 14 til stefnda segir svo: „umsamið kaupverð er að fullu greitt en sú kvöð fylgir þessu afsali að malarnámi verði hætt í svonefndum Selhól og lofar Tómas að lagfæra og græða landið eftir föngum.“

Er stefndi keypti land sitt, lá vegur yfir það, sem stefnendur máls þessa notuðu til þess að komast að sumarbústöðum sínum, en þeir eru allir við svonefndan Finnheiðarveg.

Frammi liggur yfirlýsing oddvita Grímsneshrepps um það, „að þegar Ólafur Jóhannesson hóf sölu sumarbústaðalanda úr Norðurkotslandi, norðan og austan Selhóls upp úr 1960, voru næstu vegir að þeim löndum, gamli Kóngsvegurinn, er lá þvert yfir landið og vegur að Selhól, sem notaður hefur verið allt frá árinu 1933 vegna efnistöku úr hólnum. Á þessum tíma var gamli Kóngsvegurinn illfær, enda var honum ekki haldið við eftir að Sogsvegurinn var gerður. Vegna sölu sumarbústaðalandanna var gerður vegur í framhaldi vegarins að Selhól að löndunum, og var vegur þessi er tengist Sogsvegi eini akfæri vegurinn fyrir sumarbústaðaeigendur, þar til sumarbústaðaeigendur lagfærðu gamla Kóngsveginn nú fyrir fáum árum.“

Í afsöllum til stefnenda segir ekkert um umferðarrétt að því undanskildu, að er Guðjón Á. Halldórsson keypti land sitt á árinu 1968, lét Ólafur Jóhannesson honum í té uppdrátt, sem lýsir vegi frá Sogsvegi um Selhól að spildu Guðjóns, og lét stefnandi Guðjón þinglýsa honum með afsali sínu. Skýrði hann svo frá í aðiljaskýrslu sinni fyrir dómi, að Ólafur heitinn hafi vísað sér á leið þessa að spildu þeirri, er hann hafði keypt, og bað þá stefnandi Guðjón Ólaf um að teikna þetta upp fyrir sig, sem Ólafur gerði.

Þá kemur fram í kaupsamningi og afsali til stefnanda Sigþórs Sigþórssonar, dags. 26. júlí 1966, að „...seljandi leggur til land undir vegi að lóðum en kaupendur greiði vegagerðarkostnað.“ Í afsöllum annarra stefn-

enda málsins eru ekki að finna nein ákvæði, er lúta að umferðarrétti, en stefnandi Guðmundur H. Halldórsson eignaðist spildu sína með afsali, dags. 31. júlí 1973, Margrét Pétursdóttir, sem er eiginkona stefnanda Sigmars, eignaðist sína spildu með afsali, dags. 17. júlí 1975.

Stefnendur Guðjón Halldórsson, Guðmundur H. Halldórsson, Sigbór J. Sigbórsson og Sigmar Guðmundsson komu fyrir dóm og gáfu aðiljaskýrslu. Í skýrslum sínum hér fyrir dómi lýstu þeir því, að fyrst eftir að þeir komu á lönd sín, hafi vegurinn um Selhól verið eina færa leiðin að Finnheiðarvegi, en við þann veg eru bústaðirnir. Hinsvegar séu aðrar leiðir nú færar að spildunum um svonefnda Farbraut, sem liggur frá Sogsvegi til austurs að Kónsvegi, sem síðan sé ekinn suður og beygt af honum til austurs inn á Finnheiðarveg. Þá sé fær leið af Biskupstungnabraut eftir svonefndum Kónsvegi, sem liggur til norðurs, og hægt að beygja af honum inn á Finnheiðarveg. Þá liggur svonefndur Miðheiðarvegur af Biskupstungnabraut til norð-vesturs, og tengist hann Kónsvegi litlu sunnar en Finnheiðarvegur. Vegir þessir hafa verið lagfærðir nú hin síðari ár af Félagi sumarbústaðaeigenda, en fram kemur í málinu, að landið undir vegum þessum sé eign landeiganda utan það, að Farbraut mun að nokkru liggja yfir horn lóðar Jóns Guðmundssonar skv. dómsskjali nr. 8.

Stefnandi Guðmundur H. Halldórsson kvaðst ekki hafa átt í erfiðleikum með að komast að bústað sínum eftir vegum þessum, þ.e. Farbraut og Kónsvegi, eftir að þeir voru lagfærðir, en tekur þó fram, að hann verði að aka mjög hægt og varlega. Hann kvaðst ekki hafa haft veruleg óþægindi af lokuninni, en tók þó fram, að öllu örðugra sé að finna landið fyrir gesti heldur en áður var.

Stefnanda Guðjóni Á. Halldórssyni fórust svo orð í þessu efni í aðiljaskýrslu sinni hér fyrir dómi: „Mætti kveður Kónsveginn og Farbrautina hafa verið endurbætta hin síðari ár og hafi Félag sumarbústaðaeigenda gengist fyrir því, og sé nú þökkalega fært að sumarbústað mætta.“ Í aðiljaskýrslu stefnanda Sigmars Guðmundssonar segir, að óþægindi vegna lokunar vegarins um Selhól, séu einkum þau, að gestir eigi erfiðara með að rata að bústað hans og ennfremur séu aðrir vegir illfærir vor og haust. Stefnanda Sigbór Sigbórssyni farast orð á svipaða lund í skýrslu sinni hér fyrir dómi.

Á árunum 1980 og 1981 lokaði stefndi leiðinni um veginn um Selhól með hliði, sem alla jafna er læst, og á síðasta sumri var vegarstæðinu ýtt til og sáð í Selhólinn, og er nú hið gamla vegarstæði tekið að gróa nokkuð.

Stefnendur halda því fram, að vegurinn um Selhól hafi ætíð verið notaður til umferðar að bústöðum þeirra og enda beinlínis tekið fram, að um hann lægi leiðin, sbr. það, sem getur í aðiljaskýrslu stefnanda Guðjóns Á. Halldórssonar. Viðhald vegarins hafi verið kostað af eigendum sumar-

bústaða á svæðinu á hverjum tíma. Aldrei hafi komið til umræðu að leggja veg þennan niður og ekki sé heimilt að gera það án samþykkis réttihafa til vegarins. Hinsvegar var því lýst yfir af hálfu stefnenda, að þeir byggðu ekki kröfur sínar á reglum um hefð.

Stefndi kveðst hafa keypt land sitt kvaðalaust af seljanda að öðru leyti en því, að hann hafi tekið að sér að rækta upp malarnámur þær sem vegurinn lá um, þess sé sérstaklega getið í afsali til stefnda á dómskj. nr. 5, að vegurinn verði lagður niður og stefndi hafi gert það, er ljóst var að aðrar færar leiðir lágu að Finnheiðarveginum, og hafi því sá réttur stefnenda að komast hindrunarlaust að spildum sínum því í engu verið skertur við það, að stefndi lokaði veginum um sitt land.

Niðurstaða.

Er stefndi keypti land sitt af Ólafi Jóhannessyni samkvæmt afsali, dagsettu 27. sept. 1971, var beinlínis tekið fram, að vegurinn um Selhól yrði lagður niður. Ennfremur benda ákvæði í afsali á dómskj. nr. 14 til þess, að það hafi verið ætlun landeiganda, að Selhóllinn yrði friðaður og græddur. Það verður því ekki talið, að stefndi hafi tekið á sig þá kvöð að þola umferð um veginn í gegnum land sitt, heldur virðist þvert á móti hafa verið ráðgert, að sú kvöð félli niður, þegar aðrar leiðir yrðu færar. Er stefnendur keyptu lönd sín, var ekki önnur leið fær að bústöðum þeirra en títtnefndur vegur um Selhól, og verður að telja, að það leiði af reglum nábylisréttar, að stefnendum var heimil umferð um veginn, meðan aðrir vegir voru ekki færir, og að landeiganda hafi borið að sjá þeim fyrir vegi að löndum sínum. Hinsvegar leiða sömu reglur til þeirrar niðurstöðu, að stefnendur verði að hlíta því að fara aðrar leiðir að bústöðum sínum ef landeigandi ákveði, að svo skuli vera, og verður að telja, að í því tilviki, sem hér um ræðir, hafi landeiganda verið heimilt að leggja niður veginn, með því að þrjár aðrar leiðir eru alla jafna færar að löndum stefnenda, og þeir hafa ekki sýnt fram á, að kvöð um umferðarrétt þeirra verði ekki létt að landi stefnda. Samkvæmt framansögðu ber að sýkna stefnda af öllum kröfum stefnenda. Með hliðsjón af úrslitum málsins ber að dæma stefnendur til að greiða stefnda kr. 25.000,00 í málskostnað.

Allan V. Magnússon, fulltrúi sýslumanns, kvað upp dóm þennan.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Tómas Þorvaldsson, skal sýkn af kröfum stefnenda, Guðjóns Á. Halldórssonar, Guðmundar Halldórssonar, Sigþórs Sigþórssonar, Margrétar Pétursdóttur og Sigmars Guðmundssonar.

Stefnendur greiði stefnda kr. 25.000,00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá birtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.